



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

30. fundur, þriðjudaginn 9. nóvember, kl. 13:30-17:30 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Jónas Ketilsson (form. faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita, vék af fundi eftir lið 2), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu, fjarverandi eftir lið 2) og Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi). Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kjartan Ólafsson (form. faghóps III, veikur), Þóra Ellen Þórhallsdóttir (upptekin), Unnur Brá Konráðsdóttir (komst undir lok fundar).

Lagt fram á fundi: 1) Fundargerð 29. fundar 8. okt. 2010. 2) Minnisatriði vegna skýrslu/skilabréfs til ráðherra.

Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Fundargerð 29. fundar 8. okt. 2010 lá fyrir með innfærðum endurbótum fundarmanna. Engar frekari athugasemdir voru gerðar, og skoðast hún því samþykkt.
- Kynning á drögum að niðurstöðum faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita.**

Svanfríður setti fund og bauð fyrirlesara að hefja kynningu sína.

Jónas Ketilsson kynnti drög að niðurstöðum faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita, sem verið hefur að störfum undir hans forystu í tengslum við rammaáætlun skv. sérstöku bréfi ráðherra. Upphaflega var um að ræða starfshóp um málefnið að frumkvæði Orkustofnunar og með þátttöku orkufyrirtækja og ráðgjafa, en hann var eflur með fulltrúum rammaáætlunar og hefur starfað ötullega (á 43 fundum) að sameiginlegri skýrslu um málið. Drög að skýrslunni liggja fyrir og var hún send sem trúnaðarmál til verkefnisstjórnar nokkru fyrir þessa kynningu. Samhliða ítarlegri og yfirgripsmikilli kynningu Jónasar Ketilssonar, og í kjölfar hennar, urðu fjörugar umræður og skoðanaskipti um einstök efnisatriði, og skrifaði Jónas hjá sér jafnóðum allar styttri athugasemdir sem fram komu. Hann óskaði hins vegar eftir því að fá sendar skriflegar athugasemdir og tillögur fundarmanna um öll veigamikil atriði, helst innan viku frá kynningarfundinum. Fyrirhugað væri að halda fund í faghópnum eftir tvær vikur, og vildi Jónas gjarna fá tóm til að vinna úr athugasemdunum fyrir hann. Formaður þakkaði Jónasi að því búnu fyrir áhugaverða kynningu á þessu mikilvæga máli.
- Staða verkefnisins og ákvarðanir um framhald og lúkningu þess.**

Svanfríður lagði fram og ræddi minnisatriði vegna skýrslu/skilabréfs til ráðherra. Um yrði að ræða skilabréf til ráðherra sem yrði opinbert plagg, með tilvísunum í fylgiskjöl. Fyrir liggja skýrsla faghópanna og skýrslan um sjálfbærni (sem verkefnisstjórn þarf einnig að afgreiða), auk allra þeirra skýrsla sem unnar hafa verið sérstaklega fyrir þetta verkefni. Um þær þarf að gera heimildaskrá. Skilabréfið myndi innihalda umsögn um hvað fór fram eftir umsagnarferlið, samantekt á niðurstöðum faghópa og verkefnisstjórnar og tillögur til stjórnvalda.

Friðrik Dagur kvaðst vera sammála þessari tillögu.

Agnar kvaðst einnig vera sammála, en benti á að skilabréfið yrði e.k. skýrsla að innihaldi.

Kristín Huld sagði líta svo á að um yrði að ræða niðurstöðu og lokaröðun verkefnisstjórnar.

Svanfríður sagði það rétt vera. Faghópar væru að vinna að lokaúrvinnslu í kjölfar umsagna, síðan þyrfti að fara yfir niðurstöður þeirra í verkefnisstjórn og draga af þeim ályktanir.

Kristín Linda sagði vera þörf á að gera grein fyrir störfum verkefnisstjórnar, vinnuaðferð hennar hafi verið að leita til almennings með það að markmiði að ná sátt um vernd og nýtingu. Einnig þyrfti að skýra sérstaklega frá breytingum í hópnum.

Stefán kvaðst vilja fá heildarskýrslu með skýrslur faghópa sem viðauka. Skrif verkefnisstjórnar ættu að vera þar í fyrsta kafla, sem yrði stuttur. Gerð yrði grein fyrir meginniðurstöðum verkefnisstjórnar, birt erindisbréf og gerð grein fyrir starfinu, og síðan kæmu einstakir efnisþættir. Einnig ræddi hann eðlismuninn á „geothermal“ og „hydrothermal“ kerfum, sem hefði mikil áhrif á endurnýjanleika jarðhitans.

Sveinbjörn benti á að skilabréf að formi til yrði túlkað sem bráðabirgðaskrif, betra væri að taka saman stutta skýrslu. Algjör óþarfi væri að prenta allt efni, birting þess gæti farið fram á geisladiskum og á vefnum. Formáli að 30-40 bls. skýrslu yrði sjálft skilabréfið. Hann kvaðst vera sammála Stefáni um að eðlisfræðilega væri rétt að gera greinarmun á „geo-“ og „hydrothermal“, en pólitík blandaðist í málið. Meginatriði væri að undirstrika að munur væri á endurnýjanleika og sjálfbærni, og mætti taka á þessu í lokaskýrslunni.

Svanfríður benti á að sjálfbærni gæti skilgreinst þannig að ekki sé um endurnýjanleika að ræða, og voru nokkur dæmi rædd þar um.

Elín sagði rétt að gera bæði skilabréf og skýrslu, þar sem skilabréfið stæði fremst. Hún lýsti vonbrigðum með að ekki fáist niðurstaða um hvernig eigi að nýta þessa vinnu, en þar væri ekki við vinnu faghópanna að sakast. Ekkert annað væri að gera en að skila af sér, en jafnframt gæti Samband Ísl. sveitarfélaga ekki sætt sig við óbreytt frumvarp um rammaáætlun (ákvæði um áhrif friðunar).

Svanfríður sagði umsagnarfrest gagnvart frumvarpinu liðinn og ekki vitað um afdrif þess í meðförum þingsins. Það hefði verið lagt óbreytt fram. **Niðurstaðan úr umræðu fundarins væri sú að verkefnisstjórn myndi skila af sér með skilabréfi og skýrslu.**

Friðrik Dagur minnti á að skýra þyrfti drátt á skilum verkefnisins, en taldi vera eðlilegar skýringar á því. Varðandi framlögð minnisatriði þyrfti að bæta við útivist og heimamönnum í upptalningu undir þörf fyrir frekari rannsóknir. Einnig vantaði faghóp um náttúruvernd sem landnýtingu.

Guðni kvaðst ekki skilja þetta síðasta atriði í umfjöllun Friðriks Dags.

Friðrik Dagur tók dæmi af ótilteknu svæði, sem niðurstaða fengist um að bæri að vernda þrátt fyrir lága einkunn fyrir verndargildi.

Svanfríður taldi faghóp I hafa fjallað um þetta atriði með fullnægjandi hætti.

Agnar kvaðst gera ráð fyrir að verkefnisstjórn fengi lokaniðurstöðu faghópa til umfjöllunar, og spurði hvernig menn sjái fyrir sér lokaröðun verkefnisstjórnar í framhaldi af því.

Svanfríður benti á að taka þyrfti fyrir aðferðafræði varðandi meðferð á breytingum á einkunnagjöf og AHP röðun í framhaldi af því hjá faghópum I og II, og sagði frá því að leitað hefði verið til Páls Jenssonar prófessors sem sérfræðings á því sviði.

Kristinn og Anna skýrðu frá fundi með Páli Jenssyni, sem Þóra Ellen komst ekki á en hefur verið upplýst um. Þar hefði komið fram að hægt væri að framkvæma nýja AHP röðun með eldri kosti sem fengið hefði nýja einkunn eða með nýjum kosti sem fengið hefði einkunn án þess að endurtaka fulla AHP röðun með tilheyrandi vinnu og umstangi, en þó með fullnægjandi niðurstöðu. Þá væri tekið úrtak 7-8 kosta úr eldri röðun, sem hefðu óbreytta einkunn, og þeim

raðað móti nýjum kostum eða eldri kostum með breyttri einkunn. Páll væri tilbúinn til að veita faghópunum ráðgjöf í þessu efni til að tryggja faglega fullnægjandi niðurstöður.

Kristín Huld taldi rétt að bæta menningarlandslagi inn ásamt landslagi undir upptalningu um þörf á rannsóknum.

Anna benti á að mikið af athugasemdum hefði borist varðandi línulagnir, sem breytt gætu einkunnagjöf og þar með mati. Selfossvirkjun hefði bæst við í nýrri útfærslu og sama ætti við um Búlandsvirkjun, en faghópur I hefði sleppt henni. Báðar þessar virkjanir væru inni hjá hinum faghópunum.

Agnar sagði ýmsar aðrar athugasemdir vera komnar fram en við línurnar, sem þyrfti að taka tillit til, og vísaði þá sérstaklega til athugasemda Samorku.

Stefán benti á að þegar metinn væri kostnaður í faghópi IV þá þyrfti að taka tillit til munarins á jarðhita og vatnsorku varðandi samsetningu stofn- og rekstrarkostnaðar.

Guðni sagði þetta vera rétt, en komið hefði í ljós að gengisbreytingar gætu haft meiri áhrif en samsetning stofn- og rekstrarkostnaðar. Þannig skipti miklu máli hvaða upphafsdagsetning í verðútreikningum væri notuð. Þetta lýsti því aðeins að óvissa í mati kostnaðar væri töluverð. Hópurinn ynni hins vegar með kostnaðarflokka á á ákveðnu bili en ekki kostnaðartölur, sem vegur þar á móti.

Sveinbjörn sagði þetta atriði hafa verið rætt í 1. áfanga rammaáætlunar. Rekstur vægi sem 1% kostnaðar í vatnsafla en 2-4% í jarðvarma, allt eftir því hvort viðbótarborholur væru taldar til stofn- eða rekstrarkostnaðar.

Guðni taldi rétt að ræða þetta sem vandamál í skýrslu verkefnisstjórnar.

Elín benti á að Hvalárvirkjun félli á fólksfjöldanum, en þar þyrfti að vega á móti afhendingaröryggi raforku.

Guðni sagði það hafa verið athugað, og Hvalárvirkjun leysti því miður ekki úr vandamáli afhendingaröryggis á Vestfjörðum.

Svanfríður lagði fram þá tillögu að beita megi aðferðafræði Páls Jenssonar við að AHP-greina og raða nýjum og/eða breyttum kostum hjá faghópum I og II, og komu engin andmæli fram við því.

Kristín Linda ræddi heildarmat verkefnisstjórnar og benti á sérstakt mikilvægi AHP-greiningarinnar, þar sem athugasemdir í umsagnarferlinu gætu haft áhrif. Þetta þyrfti að fjalla um í skýrslunni.

Anna benti á að einnig þyrfti að ræða aðferðafræðina í faghópi III. Hún hefði þróast lengra en í 1. áfanga, en þó ekki jafn langt og æskilegt væri.

Svanfríður sagði greinargerðir frá formönnum faghópa taka á þessu. Óraunhæfar væntingar hefðu verið hafðar uppi gagnvart faghópi III.

Friðrik Dagur sagði „rauðu flöggin“ þurfa nánari umfjöllun svo og samhengi afgerandi þátta og heildarmats. Einnig velti hann fyrir sér, hvort jafn mikil þörf væri nú fyrir 3. áfanga rammaáætlunar eins og var á sínum tíma fyrir 1. og 2. áfanga, og taldi rétt að koma með meðmæli varðandi framhaldið.

Anna sagði það vera sitt mat þegar hún liti til baka og þörf væri á skýrari línunum frá verkefnisstjórn til að gera vinnuna í faghópum markvissari.

Svanfríður lagði fram tvær tillögur um ákvörðun verkefnisstjórnar gagnvart vinnu faghópa:

1) Nota má aðferð Páls Jenssonar til einföldunar í vinnu við AHP-greiningu. 2) Ljúka skal einkunnagjöf fyrir Selfossvirkjun og Búlandsvirkjun og taka þær með í lokaumferðinni hjá faghópum og verkefnisstjórn. Þessar tillögur voru samþykktar.

Stefán sagði ekkert minnst á nýjungar, svo sem rafmagnsbíla eða vindorku. Benda mætti á það í lokaskýrslu.

Sveinbjörn rakti orsökina fyrir áhuga á vindorku í Evrópu til þess að hún kæmi í staðinn fyrir kolefnisdryfnu orku, þá þyrfti ekki að brenna eins miklu. Hér væru aðstæður aðrar og vindorkan yrði ekki valkostur að óbreyttu nema að mjög takmörkuðu leyti.

Friðrik Dagur benti á að fleiri nýjungar væru á döfinni, svo sem laushverflavirkjanir í straumvatni, og hefðu þær verið prófaðar í Mississippi fljóti.

Stefán sagði ekki mega gleyma osmósuvirkjunum, það væri einnig nýjung.

Svanfríður þakkaði fyrir góðar umræður og sagði formenn faghópa þurfa að hittast sem fyrst. Síðan mætti búast við öðrum fundi í verkefnisstjórn í framhaldi af því. Að svo búnu sleit hún fundi.

Kristinn Einarsson